
Deiliskráning fornleifa í Hraunsási III

Skráning unnin vegna hugmynda um gistihús og þjónustumiðstöð



Gylfi Helgason

FS1010-24291
REYKJAVÍK
2024

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES



Forsíðumyndin er af Torfholti BO-237:011 en örnefnið er vísbending um að þar hafi torf, sem líklega hefur verið skorið í nágrenni holtsins, verið þurrkað.

© 2024

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES

BRÆÐRABORGASTÍG 9

101 REYKJAVÍK

SÍMI: +354-5511033

NETFANG: FSI@FORNLEIF.IS

HEIMASÍÐA: WWW.FORNLEIF.IS

Samantekt

Í þessari skýrslu er fjallað um deiliskráningu fornleifa innan um 19 ha úttektarsvæðis í landi Hraunsáss í Borgarbyggð. Innan svæðis er fyrirhugað að reisa gistihús og þjónustuhús. Fornleifaúttektin var unnin fyrir Þingvang í nóvember 2024. Tvær fornleifar voru skráðar innan úttektarsvæðis, heimild um leið og staður þar sem torf var rist. Báðar fornleifarnar teljast í stórhættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Efnisorð:

Fornleifastofnun Íslands, deiliskráning, Hraunsás, leið, rista, Borgarbyggð

Summary

This report presents the results of a detailed archaeological survey undertaken in early November 2024 within a c 19 ha assessment area at Hraunsás in West Iceland. The work was carried out for Þingvangur, in an advance of a proposed guesthouses and a service centre in the area.

Altogether, two archaeological sites were identified within the area: an old route and a turf-cutting area. The archaeology within the assessment area were considered at high risk because of the proposed development.

Keywords:

Institute of Archaeology, (Iceland), detailed survey, Hraunsás, route, turf-cutting area, Borgarbyggð

Efnisyfirlit


1 Inngangur.....	6
2 Saga fornleifaskráningar og löggjöf.....	8
3 Aðferðir við fornleifaskráningu.....	10
4 Fornleifaskrá.....	13
5 Fornleifar innan úttektarsvæðis	16
Heimildaskrá.....	18

Viðaukar

Minjakort

1 Inngangur

Á haustmánuðum 2024 fór Pétur Bolli Jóhannesson hönnunarstjóri hjá Þingvangi þess á leit við Fornleifastofnun Íslands ses að stofnunin tæki að sér skráningu fornleifa innan um 19 ha svæðis í landi lögbýlisins Hraunsáss í hinum forna Hálsahreppi, nú Borgarbyggð. Skráningin var gerð vegna fyrirhugaðra áforma um að byggja gistihús á svæðinu, ásamt þjónustumiðstöð.



Mynd 1: Kort sem sýnir afmörkun úttektarsvæðis og staðsetningu þess á innfeldu Íslandskorti. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.

Suðurhluti úttektarsvæðið er mishæðóttur. Svæðið er deiglent en gróið birki að talsverðu leyti. Á norðurhluta úttektarsvæðis er stór hóll sem er að hverfa í birkiskóg. Nokkuð rask hefur þegar orðið á svæðinu og um það liggur vegslóði frá núverandi bæjarstæði jarðarinnar og til Hálsasveitarvegur.

Fornleifastofnun Íslands hefur unnið aðalskráningu á völdum jörðum í Borgarbyggð og kom sú skýrsla árið 2009,¹ en Hraunsás var ekki ein af þeim jörðum sem þá voru teknar út. Áður en skráningin var unnin haustið 2024 hafði engin vettvangsskráning verið unnin þar. Fornleifastofnun Íslands vann hins vegar heimildaúttekt (svæðisskráningu) fyrir jörðina og í raun allar jarðir norðan Skarðsheiðar árið 1996 og byggir úttektin á grunni hennar.²

Farið var á vettvang í byrjun nóvember í þurru haustveðri. Ekki náðist í heimildarmann. Alls voru skráðar tvær fornleifar innan marka úttektarsvæðis. Um skráningu, skýrslugerð og kortavinnu sá Gylfi Helgason fornleifafræðingur. Allar ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af Fornleifastofnun Íslands en loftmyndir eru frá Loftmyndum ehf.

Uppbygging skýrslunnar er með hefðbundnum hætti. Á eftir inngangskafla kemur yfirlit um löggjöf um minjavernd í landinu. Í þriðja kafla er farið yfir þær aðferðir sem notaðar voru við skráninguna. Fjórði kaflinn er sjálf minjaskráin þar sem fjallað er um fornleifar innan úttektarsvæðisins. Í lokakafla skýrslunnar (fimmta kafla) er farið yfir helstu niðurstöður úttektarinnar. Aftast í skýrslunni eru síðan viðaukar með hnitaskrá og minjakorti.

¹ Elín Ósk Hreiðarsdóttir 2002.

² Orri Vésteinsson 1996.

2 Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 21. grein laga um menningarminjar (nr. 80/2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bæn húsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

3 Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar Íslands hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því.

Númer jarðar í Jarðatali Johnsens

Númer fornleifar á tiltekinni jörð

Sérheiti

Tegund

Hlutverk

Hnattstaða í landshnitakerfi ISN93

Sýslutákn

SF-175:009

Sveinshlaða


tóft

hlaða

E: 528751 N: 352323



Sveinshlaða 009, horft til norðurs



Ljósmynd af minjastað og uppmæling/teikning

Á túnakorti frá 1920 og bæjarteikningu danskra mælingamanna frá 1904 er sýnt útihús í túnjaðri um 210 m norðan við eldra bæjarstæði 001 og 80 m norðvestan við yngra bæjarstæði 003. Á þeim stað er stæðileg hlöðutóft sem nefnist Sveinshlaða og samtengt eða eldra mannvirki norðvestan við hana. Sveinshlaða er 16 m suðvestan við miðlínu Skaftártúnguvegar (208) þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir og telst því í stórhættu vegna vegagerðar. Tóftin er í túnjaðri fast suðvestan við Skaftártúnguveg (208). Túnið er í allmiklum halla til suðvesturs. Heildarstærð tóftarinnar er 23x14 m og snýr hún norðvestur-suðaustur. Í suðausturhluta hennar er Sveinshlaða sem er 15x13 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er 5x6 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hlaðan er niðurgrafín um 1 m og eru veggir hennar um 2 m á hæð innanmáls. Norðvestan við hlöðuna er annað hölf eða annað mannvirki og er það torfhlaðið. Það er þríhyrningslaga og er 9x6 m að innanmáli, mjókkar til norðvesturs. Op virðist vera inn í það í suðurhorni. Veggir þess eru 0,3-0,4 m á hæð og 2-2,5 m á breidd en veggir hlöðunnar eru 4-5 m á breidd. Hölfín virðast vera samtengt en hlaðan er mun yngri að sjá en hölfíð norðvestan við hana. Nokkur hólmyndun er undir norðvesturhluta tóftarinnar og ljóst að mannvirki hafa verið á þessum stað í langan tíma.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1920

Hætta sem steðjar að fornleif

Heimild sem vísað er í, nánari færsla í heimildaskrá

Mynd 2: Dæmi um framsetningu upplýsinga um fornminjar í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands.

Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: BO-237:001). Fornleifaskráin samanstendur af lista yfir þær fornleifar sem skráðar voru á vettvangi innan rannsóknarsvæðis

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í ISN93 og er merkið tekið á hverjum stað hvort sem ummerki um minjar voru sýnilegar eða ekki og staður þannig merktur með því kenninafni sem hann hefur í fornleifaskránni (dæmi: BO-237:002). Í þessari deiliskráningu var gengið skipulega um svæðið, allir minjastaðir voru hnitsettir og sýnilegar minjar á yfirborði mældar upp með GPS tæki af gerðinni Trimble Geoexplorer 6000.

Samkvæmt lögum hafa allar fornleifar 15 m helgunarsvæði frá ystu mörkum minjastaðarins. Þar sem getur um „heimild um...” t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki. Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirbyggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga. Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hættu, 2) hættu og 3) stórhættu. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað, eða innan skipulagsreita þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar, teljast í hættu. Í þessari úttekt voru allir minjastaðir innan deiliskipulagsreits metnir í stórhættu vegna áframhaldandi uppbyggingar á svæðinu. Almennt eru minjar fast utan marka úttektarsvæða metnar í hættu. Í síðustu línu er getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

Í skýrslunni eru aðeins birtar upplýsingar um þær minjar sem eru innan úttektarsvæðisins. Af þeim sökum er númeraröðin ekki samfelld í fornleifaskránni.

4 Fornleifaskrá

BO-237 Hraunsás

Sögulegar heimildir

Í Landnámu segir: „Born þeira Hallkels ok Þuríðar vǫru þau Þórarinn ok Finnvarðr, Tindr ok Illugi enn svarti ok Gríma, er átti Þorgils Arason. Þórarinn vá Músa-Bolverkr, er hann bjó í Hraunsási; þá lét hann gera þar virki³ ok veitti Hvítá í gegnum ásinn, en áðr fell hon um Melrakkadal [heitir í dag Skolladalur] ofan. Illugi ok Tindr sóttu Bolverk í virkit.“ ÍF I, bls. 83.

1463: „Skrá um eignir Reykholtskirkju, þegar séra Hrafn Gilsson meðtók, en Einar bóndi Ormsson, afhenti [...]. En kialuararstader oc hraunsas woro j eyde oc ecki kugillde med.“ DI V, bls. 399-400.

1478: Jarðarinnar er getið í máldaga Reykjaholtskirku sem eign kirkjunnar. DI VI, bls. 173, sjá líka virðing á stað og kirkju Reykholtis **1569** (DI XV, bls. 270) og máldaga **1570 og síðar** (DI XV, bls. 623).

1686: 15 hdr., Reykholtskirkjueign, samkvæmt BL, bls. 147.

1695: 16 hdr., Reykholtskirkjueign, samkvæmt BL, bls. 147.

1708: 20 hdr., Reykholtskirkjueign, samkvæmt JÁM IV, bls. 251.

1847: 20 hdr., Reykholtskirkjueign, samkvæmt JJ, bls. 117.

Landkostir

Túnakort 1917: 41,822 m² = 13 dagsl. 1/20 þýft. Garðar 492 m².

1708: „Skóg á jörðin. Í honum hefur raftviður verið og má hann nú nærri þrotinn kalla en til kolgjörðar og eldiviðar er hann enn nú nægur, og lætur staðarhaldarinn hann brúka til eldiviðar og kolagjörðar. Þessi skógur tekur mjög að falla í fúa og fornviði, so til eyðingar horfir. Torfrista og stúnga enn nú nýtandi. Móskurður til eldiviðar enginn. Vatnsból bregst heima og er þá meinerfitt til Hvítár að sækja.“ JÁM IV, bls. 252.

³ Samkvæmt Brynjólfi Jónssyni er virkið horfið. Árbók 1904, bls. 16

BO-237:011 *Torfholt* örnefni rista „Í austur frá bænum gegnt Fornastekk [010, utan svæðis 2024] er lítið holt er nefnist Torfholt,“ segir í örnefnaskrá. Örnefnið bendir til þess að við holtið hafi torf verið rist og það þurrkað á holtinu. Torfholt er hálfgróið holt milli Sléttumels og Hvamma, um 560 m ANA við núverandi bæjarstæði jarðarinnar og 180 m norðan við Hálsasveitarveg. Torfholt er hálfgróið holt sem rís upp úr deiglendi. Holtið er í brekku, eða hlíð, sem hallar smávægilega til norðurs. Fast norðan við holtið rennur Keldulækur.

A 406730 N 467867



Torfholt 011, horft til suðurs, horft frá Arnarsæti.

Engin ummerki um ristu sjást innan úttektarsvæðis 2024 enda gróa slík ummerki gjarnan mjög fljótt. Torfið var líklega rist umhverfis holtið og síðan þurrkað á sjálfu holtinu.

Hættumat: Stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Hraunsás, bls. 2

BO-691 Fornleifar á fleiri en einni jörðu - Hálsahreppur

BO-691:001 heimild leið

A 406766 N 467956



Þar sem leið 001 lá eitt sinn, horft til norðvesturs.

Leið er merkt inn á herforingjaráðskort frá 1911. Samkvæmt kortinu lá leiðin frá Reykholti í Reykholtshreppi en hún kemur inn í hinn forna Hálsahrepp í landi Signýjarstaða BO-233. Þar liggur leiðin norðan við Signýjarstaðaborg, og norðan við bæinn á Signýjarstöðum og sveigir þaðan til austurs, framhjá Refsstöðum BO-234, Sigmundastöðum BO-235 og Stóra-Ási BO-236 en sameinast síðan gamalli þjóðleið sem liggur frá Húsafelli MH-001 í landi Hraunsás (BO-691:002 – utan svæðis). Hluti þjóðleiðarinnar var skráður í landi Hraunsás, innan úttektarsvæðis 2024. Leiðin var skráð rétt við sunnan

Arnarsæti og vestan við Halafoss. Innan úttektarsvæðis lá leiðin milli grónna holta og rétt norðan og austan við Keldulæk. Talsvert af birki vex á svæðinu, sérstaklega á holtinu norðan við áætlaða staðsetningu leiðarinnar og á austurhluta úttektarsvæðisins, þegar komið nálægt árbökkum Hvítár.

Þar sem gamla leiðin lá er nú vegslóði sem liggur að Hálsasveitarvegi og því sjást engin ummerki um eldri leið innan úttektarsvæðis.

Hættumat: Stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Herforingjaráðskort 1911 - 35 SA

5 Fornleifar innan úttektarsvæðis

Haustið 2024 var unnin deiliskráning fornleifa innan um 19 m ha svæði í landi Hraunsáss. Úttektarsvæðið er á því svæði sem áður voru úthagar Hraunsáss. Almennt gildir sú meginregla um dreifingu og þéttleika minjastaða að flestar fornleifar eru í og við gömul heimatún en þeim fækkar umtalsvert þegar komið er í úthaga jarðar.

Úttektarsvæðið 2024 var afmarkað af Hvítá til norðurs og austurs. Hálsasveitarvegur afmarkaði svæðið til suðurs og til vesturs náði svæðið að Torfholti og Arnarsæti. Í heild fundust tvær fornleifar innan svæðis (tafla 1).

Tafla 1. Fornleifar innan úttektarsvæðis				
Samtala	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Hættumat
BO-237:011	Torfholt	Örnefni	Rista	Stórhætta
BO-691:001		Heimild	Leið	Stórhætta

Engin yfirborðsummerki sjást lengur um ristu við Torfholt BO-237:011 enda gróa slík ummerki yfirleitt mjög fljótt. Örnefnið gefur þó til kynna að torf hafi rist við holtið og þurrkað á því. Leið BO-691:001 er merkt inn á herforingjaráskorti frá 1911. Leiðin lá frá Reykholti og sameinast annarri þjóðleið frá Húsafelli í landi Hraunsás. Engin ummerki um leiðina fundust innan úttektarsvæðis en á sömu slóðum liggur nú yngri vegslóði að Hálsaveitarvegi, frá núverandi bæjarstæði jarðarinnar.

Báðar fornleifar innan úttektarsvæðis voru skilgreindar í stórhættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda en þrátt fyrir að þær séu innan framkvæmdasvæðis eru framkvæmdir ekki fyrirhugaðar þar sem þær eru. **Að auki eiga staðirnir tveir það sammerkt að engin yfirborðsummerki sjást lengur um þá og í báðum tilfellum virðist ólíklegt að nokkrar leifar þeirra sé að finna undir sverði verður að teljast mjög ólíklegt að minjayfirvöld fari fram á frekari mótvægisáðgerðir vegna þeirra (aðrar en skráninguna).** Það er hins vegar Minjastofnunar Íslands að leggja endanlegt mat á áhrif framkvæmda á fornleifa og úrskurða formlega um hvort mótvægisáðgerða er þörf. Í lokin má benda á að ef áður ókunnar fornminjar koma í ljós við framkvæmdir

þarf að skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem auðið er. Það er Minjastofnunar Íslands að ákveða hvort, og þá með hvaða skilyrðum fornleifar mega víkja vegna framkvæmda.

Heimildaskrá

Árbók 1904. Brynjólfur Jónsson. 1904. „Rannsókn í Þverárþingi sumarið 1903.“ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* 1904, bls. 1-17.

BL: Björn Lárusson. 1967. *The Old Icelandic Land Registers*. W.F. Salisbury þýddi. Lund University.

DI: *Diplomatarium Islandicum eða Íslenzkt fornbréfasafn* 1857-1950. I.-XV. bindi. Hið íslenzka bókmenntafélag.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir (ritstj.). 2009. *Fornleifaskráning á völdum jörðum í Borgarbyggð*. FS409-08071. Fornleifastofnun Íslands.

ÍF: *Íslensk fornrit*. 1935–2002. I–XVII. bindi. Hið íslenska fornritafélag.

JÁM IV: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns: Borgarfjarðar-og Mýrasýslur*. 1925 og 1927. IV. bindi. Hið íslenska fræðafélag.

JJ: Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. [Án útgefanda].

Orri Vésteinsson. 1996. *Menningarminjar í Borgarfirði norðan Skarðsheiðar*. FS016-95033. Fornleifastofnun Íslands.

Óútgefnar heimildir

Herforingjaráðskort 1911: Dönsku herforingjaráðskortin 1905-1915 (1919). (Blað 35 SA Hvítársíða - Norðurárdalur). Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn. Sótt af: <http://islandskort.is>

Túnakort 1917: Túnakort Hálsahrepps. Þjóðskjalasafn Íslands.

Ö-Hraunsás: Örnefnaskrá yfir Hraunsás, Hálsasveit. Bjarni Sigurðsson og Helga Sigurðardóttir. Á.á. Örnefnasafn Árnastofnunar.

Minjakort

© Loftmyndir ehf

Skýring

● Skráðar fornleifar

— Afmörkun úttektarsvæðis



0 100 200 m

